

Halldór Jóhannsson
Arctic Portal
Ráðhústorg 7
600 Akureyri

Reykjavík 2. maí 2019
UST201904-175/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 - breyting vegna efnistöku.
Umsögn

Vísað er til bréfs Arctic Portals dags. 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggðar sem felst í því að bætt verður við fimm nýjum námum á aðalskipulag sveitarfélagsins.

Allar eru námurnar opnar og telur Umvherfisstofnun jákvætt að slíkum námum verði bætt við aðalskipulagið fyrst ætlunin er að nýta þessar námur í nánustu framtíð.

Umræddar námur eru í setmyndunum af ýmsu tagi sem ekki njóta sérstakrar verndar og svæðunum hefur þegar verið raskað.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdi við umrædda breytingu, en bendir á að á vefsíðunni www.namur.is er unnt að finna upplýsingar um efnistöku og frágang sem nýst gætu varðandi umgengni um námur á aðalskipulagi Langanesbyggðar.

Virðingarfyllst


Björn Stefansson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur